

Hvaða starfsmannafjölda á að skrá hjá vinnustaðnum

Hvaða starfsmannafjölda á að skrá:

Skrá á þann starfsmannafjölda sem launadeild viðkomandi vinnustaðar hefur á launaskrá þegar keppni hefst.

- Ef einhverjir starfsmenn eru í orlofi eða námsleyfi má draga þann fjölda frá
- Ef margir einstaklingar eru í hlutastarfi og mæta ekki í vinnuna daglega má sameina tvo starfsmenn sem uppfylla 100% starfshlutfall í einn.
- Þeir starfsmenn sem eru í hlutastarfi en mæta daglega til vinnu skal skrá sem einn starfsmann.

Hvernig er árangurinn reiknaður út

Í öllum flokkum raðast vinnustaðir niður í sæti í tveimur keppnisgreinum, annars vegar út frá hlutfalli daga og hinsvegar út frá hlutfalli mínútna. Þessar hlutfalls tölur eru reiknaðar út frá heildarfjölda starfsmanna á viðkomandi vinnustað óháð því hvað margir taka þátt í keppninni.

Dæmi:

Vinnustaðurinn "Lukka" skráir sig til leiks í Hjólað í vinnuna. 30 af 50 starfsmönnum Lukku hafa ákveðið að taka þátt. Þessir 30 starfsmenn eru mjög duglegir að hjóla í og úr vinnu og þegar keppninni lýkur hafa þeir hjólað samtals 7800 km og samtals í 390 daga. En hjá vinnustaðnum "Lukka" **starfa samtals 50 starfsmenn**, og voru því 20 starfsmenn sem ekki tóku þátt. Þegar hlutfall daga og mínútna er reiknað út fyrir "Lukku" er því notaður heildar starfsmannafjöldi vinnustaðarins.

Hlutfall daga: 390 dagar / 50 starfsmenn = 7,8 dagar að meðaltali á starfsmann

Hlutfall kílómetra: 7800 km / 50 starfsmenn = 156 km að meðaltali á starfsmann

Af þessu sést að sú tala sem á að skrá í "Fjöldi starfsmanna" þegar vinnustaðurinn er skráður til leiks er **HEILDARFJÖLDI STARFSMANNA SEM VINNUR Á VINNUSTAÐNUM** en ekki bara sá fjöldi sem tekur þátt í Hjólað í vinnuna. Mjög mikilvægt er að allt sé rétt skráð svo að úrslitin verði rétt í lok keppinnar.

Leyfilegt er að breyta starfsmannafjölda vinnustaðar til og með **18. maí**, en eftir það verður einungis hægt að breyta fjöldanum ef starfsmenn verkefnisins óska eftir því.

Aukin orka – meiri kraftur – minni eyðsla

Nánari upplýsingar á www.hjoladivinnuna.is